

Skógarstrandarvegur uppbygging mál 259.

Ef farið er í hagkvæmisathugun á Skógarstrandarvegi.. Þá er auðvelt að sýna fram á að árið 2021 sé galið að þessi vegur sé enn einbreiður moldarslóði þ.m.t einbreiðar brýr og vegurinn um Álftafjörð sem oft er eini farartálminn á leiðinni vegna snjóa, aurs eða skriðuhættu.

Skógarstrandarvegur er gríðalega mikilvægur tengivegur fyrir byggðir og þjónustu á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandinu og allt austur á Breiðdalsvík.

Skógarstrandarvegur liggur allur á láglandi og er þess vegna ákaflega hentugur til vetraraksturs (fyrir utan veginn um Álftarfjörð en ég kem betur inn á hann seinna). Skógarstrandarvegur er mikilvæg tenging við Vestfirði þar sem gríðarleg uppbygging er á störfum og þjónustu á því svæði. Því er galið að þurfa að leggja leið sína alla leið í Borgarnes til þess eins að komast á tengiveg um Búðardal vestur á firði.

Gríðalegu magni af fiski er landað á haustin frá miðjum ágúst fram í miðjan desember fyrir norðan og hann síðan keyrður á flutningabílum frá Skagaströnd, Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík, Vopnafirði, og fl stöðum allt austur á Breiðdalsvík. Öllum þessum fiski er síðan keyrt á Snæfellsnes með gríðarlegum auka krók á vegum sem eru með mikinn umferðarþunga og varla til þess fallnir að þola aukna umferð um Borgarfjörð og vestur Mýrar.

Uppbygging á Skógarstrandarvegi er auk þess gríðalega mikilvægur tengivegur til uppbyggingar og samvinnu sveitarfélaga við Breiðarfjörð.

Eftir að umferð ferðamanna tók mikið stökk um og eftir hrun 2008-09 þá breyttist allt með akstri stórra ökutækja um Skógarstrandarveg þar sem hvorki er hægt að mæta bílum eða taka framúr öðrum ökutækjum.

Ökutækjum sem eru kannski frekar að njóta útsýnis yfir eyjar og sker Breiðafjarðar.

Vegstæði um Sógarströnd liggur á gríðalega fallegum stað með mikið og fallegt útsýni og hefur það greinlega verið að fréttast um allan heim því akstur túrista hefur aukist til muna allt árið á þessari leið. Hún hentar ákaflega vel til hringaskturs eða fyrir dagsferðir fyrir erlenda ferðamenn sem halda að mestu eða mikið til í Reykjavík.

Eftir að stór aukin akstur erlendra feðramanna um ströndina byrjaði, varð nánast ómögulegt eða ill gerlegt að aka stórum ökutækjum þessa leið án þess að stoppa í hvert skipti sem mæta þarf bíl. Þar sem meiri líkur en minni eru á að um veginn séu að fara óvanir ökumenn sem nánast er hægt að fullyrða að hafi ekki á sinni ævi séð aðra eins slóða og þeim er boðið upp á á Skógarstrandarvegi. Það var sjálf hætt að aka ströndina á stórum bílum því magnið af bílum er orðið slíkt að ómögulegt er að keyra hana og þurfa að stoppa í hvert skipti sem mæta þarf bíl.

Vegaxlir og nánast allur vegurinn er byggður upp að megninu til með uppmokstri úr skurðum eða mold úr köntum, melum og múum.

Vegurinn um skógarströnd er líklega einn hættulegasti vegur landsins þar sem mörg alvarleg umferðarslys hafa orðið. Einnig hefur orðið þar gríðarlegt magn af tjónum á bílum, útafakstur og ónýtt dekk og felgur með til þar tilheyrandi kostnaði og óþægindum fyrir erlenda ferðamenn.

Í dag og til næstu ára er einfaldast að gera ekki neitt eða eins lítið og hægt er annað en að minnka umferð um Skógarstrandarveg með því að taka leiðina af öllum kortum og GPS tækjum og fela hann þannig fyrir sem flestum. Þ.S reyna að bakka bara aftur til 1980 þá var hann nógu góður fyrir afdankaða sveitavarginn og kannski mjólkubílinn sem um hann ók.

Nú er þessi blessaði vegur inni í öllum GPS tækjum sem tengivegur fyrir útlendinga að komast inn á Snæfellsnes frá Vestfjörðum og öllu norðurlandinu og öfugt.

Þar sem við hjá BB & sonum ehf rekum ásamt nokkrum flutningabílum sem þurfa að fara ansi margar ferðir um Sógarströndina, bílabjörgun er það okkur mjög kunnugt að ástandið og kostnaðinn sem erlendir gestir á Íslands eru að lenda í vegna ástands á ströndinni.

Yfir vetrarmánuðina er alla vega minna af erlendum ferðamönnum á ferðinni um Skógarstrandarveg en þeim er samt að fjölga gríðarlega sem er ekki af hinu góða vegna þess þó þessi leið sé öll á láglandi þarf samt að fara fyrir einn fjörð þ.s Álfarfjörð en hann getur verið gríðarlega krefjandi fyrir ökutæki með óvana bílstjóra tala nú ekki um yfir vetrarmánuðina.

Ansi marga daga, nætur auk jóla og áramóta höfum við átt með erlendum gestum Íslands í Álfarfirði. Þar hafa þeir setið fastir og horft á ljósin í Stykkishólmi þar sem hótelið þeirra beið eftir þeim með uppábúin rúm og morgunmat sem þeir voru búnir að greiða fyrir.

All flestir erlendu gestana geta ekki skilið afhverju GPS tæki bendir þeim að fara þessa leið þar sem nánast er enginn vegur auk þess að vera nánast án allrar vetrarþjónustu, kalla það ekki vetrarþjónustu að mega moka hann á mánudögum og föstudögum sama hvort það er snór eða ekki en meiga svo ekki moka hann þess á milli.

En auðvitað væri það í góðu lagi ef það snjóaði bara á sunnudags og fimmtudagsnóttum eða þá að búið væri að brúa Álfarfjörð þá væri eins og verið hefur undafarin ár ekki miklar líkur á að bílar væru að setja fastir í stórum sköflum þar sem þessi leið hefur nánast verið snjó laus beggja megin við Álfarfjörð.

Ef málið er tekið saman þá er sennilega best að gera ekki neitt.

En ef menn og konur sem stjórna okkar ylhýra og ástkæra landi ætla að girða sig í brók og tengja saman landið, ekki bara við Breiðarfjörð með litlum kostnaði miðað við arðsemi þá þá tel ég þetta vera með einni af betri verkum sem farið yrði í núna strax og til framtíðar.

Ég tel það eitt best varðveitta leyndarmál Vegagerðarinnar hversu mörg ökutæki keyra um Skógarstrandarveg og tala nú ekki um hversu margir myndu leggja frekar leið sína um veginn ef hann væri ekki eins og hann er árið 2021.

--

Með kveðju,

Sævar I. Benediktsson